



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

Alþingi
Erindi nr. P 137/789
komudagur 16.12.2009
Reykjavík 16. desember 2009

Umsögn við frumvarp til laga um framhaldsfræðslu

Undirritaður hefur verið beðinn um að veita umsögn um frumvarp til laga um framhaldsfræðslu sem lagt er fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010.

Almennt um frumvarpið

Það er jákvætt að til séu lög sem taka á fræðslu fullorðinna einstaklinga sem hafa ekki fundið sig innan skólakerfisins. Það er mikilvægt að þannig sé staðið að málum að þessari fræðslu sé sinnt af fagfólki og á sem hagkvæmasta hátt. Þá er afar jákvætt að hér á landi séu til úrræði fyrir einstaklinga til þess að fá raunfærni sína metna þó svo að hennar hafi verið aflað utan skólakerfisins. Hér eiga Íslendingar að nýta sér reynslu nágrannaþjóða okkar hvernig best er að standa að mati á raunfærni þannig að það verði eftirsóknarvert fyrir einstaklinga að sækjast eftir þessu mati og matið sjálft sé byggt upp með jafnræðissjónarmið í huga.

Sköðun undirritaðs er sú að þessi frumvarpsdrög tryggja hvorki að þessari fræðslu sé sinnt af fagfólki né heldur að þeir fjármunir sem ætlaðir verða í þennan málaflokk verði nýttir á sem hagkvæmasta hátt. Lög er snúa að menntun þjóðarinnar eiga ekki að vera byggð á samningaviðræðum við aðila vinnumarkaðarins sem hafa sérhagsmuna að gæta. Þau eiga að byggja á faglegu mati á því hvernig best er að standa að þessum menntunarbætti með tilliti til hagsmuna þeirra sem eiga að njóta þjónustunnar og með tilliti til þess að fjármunum ríkisins verði varið á sem hagkvæmasta hátt.

Það er alvarlegt umhugsunarefni að sífellt hærra hlutfall af námi landans fer fram utan þess skólakerfis sem byggt hefur verið upp hér á landi. Það er ekki alvarlegt að nýir aðilar komi að fræðslu, heldur er það alvarlegt að oft á tíðum eru ekki gerðar sömu gæðakröfur til námsins og innan hins opinbera skólakerfis, né heldur eru tryggð á sambærilegan hátt réttindi þeirra sem sækja námið. Einnig má færa fyrir því rök að með því að feta þessa leið grafi ríkið undan hagsmunum þeirrar stéttar sem hefur menntað sig til þess að sinna fræðslu innan skólakerfisins. Sú menntun er lögvarin.

Áttunda grein frumvarpsins, um raunfærnimat, náms- og starfsráðgjöf, er ætlað að taka á þeirri kröfu yfirvalda menntamála að til séu hér á landi einhver úrræði til mats á þeirri þekkingu og hæfni sem sumir einstaklingar hafa aflað sér utan skólakerfisins. Þessi grein laganna er allt of veikburða og í raun ótrúlega innihaldslítill. Hér á að nýta sér reynslu nágrannaþjóða okkar, eins og bent er á hér að framan. Velta má fyrir sér hvernig þessi grein frumvarpsins hefði litið út hefðu hagsmunaaðilar á vinnumarkaði ekki haft þann aðgang að samningu frumvarpsins sem raun ber vitni.

Það eru til ódýrari leiðir til að veita þá þjónustu og þau námstækifæri sem frumvarpið kveður á um. Undirritaður leggur því til að frumvarpið verði dregið til baka og unnið betur, með markmið þess að leiðarljósi og stífari kröfu um meðferð og nýtingu fjármuna.

Viðfangavillst
Mál Vilhjálmsson
a
rektor Menntaskólans við Sund